



FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

12. MARS 2010

FRÁ FORMANNI

EFNI BRÉFSINS:

FRÁ	1
FORMANNI	
UNGFOLA- SÝNING	1
AÐALFUNDUR HS	1
FRÁ YFIR- DÝRALÆKNI	2
KYNBÓTA- SÝNINGAR 2010	2
RÆKTUN 2010	2

Ágæta félagsfólk.



Það stýttist óðum í vorið, reiðtúrar lengjast, hestar og hestamenn eru óðum að komast í gott form. Kynbótahestar sem eru í tamningu og þjálfun óðum að mótast og vafalaust eiga mörg þeirra eftir að verða eftirtektarverð í vor og sumar.

Á landsmóti er gjarnan mikill hugur í hrossaræktndum enda sannkallaður stórviðburður á ferð sem hefur gríðarlegt auglýsingargildi fyrir búgreinina.

Þar koma bestu kynbóta- og keppnishross landsins saman og er gjarnan mikill metnaður í mönnum hvort sem um er að

ræða hrossaræktendur eða keppnisfólk.

Það er sannarlega tilhökkunarefni að fara á komandi landsmót, horfa á gæðinga eiga vinfundi og eignast góðar minningar undir bláhimni norður í Skagafirði í sumar.

Hrossaræktarkveðja.

Sveinn Steinarsson, formaður HS

UNGFOLASÝNING Í ÖLFUSHÖLLINI

Ungfolasýning Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður í Ölfushöllinni á Ingólfshvoli **laugardaginn 27. mars**. Fyrirkomulag hennar verður með svipuðu sniði og í fyrra. Starfandi kynbótadómarar munu taka út folana bæði fyrir sköpulag og hreyfingu. Rétt til þátttöku eiga folar 2ja (fæddir 2008) og 3ja vetra (fæddir 2007). Sköpulagsmatið fer fram fyrir sjálfa sýninguna eða frá kl. 16:00 til 19:00. **Sýningin sjálf hefst síðan kl. 20:00**. Dómarar raða efstu fimm folunum í hvorum flokki. Áhorfendur velja síðan álitlegasta folann í hverjum flokki. Óðinn Örn Jóhannsson veitir nánari upplýsingar um sýninguna og tekur við skráningum á hana í síma 866-1230 eða odinn@bssl.is. **Síðasti skráningardagur er miðvikudagur 24. mars**. Sú nýbreytni verður að þessu sinni að ræktendum verður gefin kostur á að mæta með mertrippi 3ja-4ja vetra og fá mat á sköpulag þeirra frá kl. 15:00 til 16:00, þ.e. áður en mat á ungföllum hefst. Félagsmenn og aðrir áhugamenn um hrossarækt eru hvattir til að mæta.

Aðalfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

Aðalfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður þriðjudagskvöldið 23. mars kl. 20:00 í Hliðskjálfi félagsheimili hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi. Dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf. Gestur fundarins verður að þessu sinni Jón Baldur Lorange sviðsstjóri tölvudeildar Bændasamtaka Íslands en hann ætlar að kynna heimaréttina í Worldfeng.

Úr stjórn eiga að ganga Bjarni Sigurðsson og Bertha Kvaran. Bjarni gefur ekki kost á sér áfram en Bertha gefur kost á sér. Rétt er að benda á að fundargerðir stjórnar eru aðgengilegar á slóðinni www.bssl.is en þar eru Hrossaræktarsamtökin með undirsíðu. Vonumst til að sjá ykkur sem flest á aðalfundinum.

TILKYNNING FRÁ YFIRDÝRALÆKNI

Á hestamiðlum og í Bændablaðinu (tbl. 1 og 2 2010) hefur verið birt tilkynning frá Yfirdýralækni til hrossaeigenda varðandi hertar reglur um eftirlit með lyfjaleifum og einstaklingsmerkingum. Hér fer á eftir úrdráttur úr þeim skrifum þar sem reynt er að draga fram það mikilvægast.

- **Öll hross eldri en 10 mánaða gömul eiga að vera skráð í WF og örmerkt.** Hross sem fædd eru árið 2008 eða síðar skulu vera örmerkt en frostmerking er áfram tekin gild sem einstaklingsmerking eldri hrossa.
- **Dýralæknar mega ekki meðhöndla hross nema þau séu einstaklingsmerkt.** Í bráðatilfellum er þó vikið frá þessari reglu og hrossin annað hvort örmerkt samtímis meðhöndluninni eða tilvikið tilkynnt til Matvælastofnunar sem mun ganga eftir að ákvæðum merkingarreglugerðarinnar sé fylgt.
- **Allar lyfjameðhöndlunir og upplýsingar um biðtíma til afurðanýtingar ber að skrá í WF.** Bæði dýralæknar og eigendur bera ábyrgð á að svo sé gert.
- **Aðeins má senda einstaklingsmerkt hross til slátrunar.** Undanþegin eru folöld yngri en 10 mánaða en þau skulu merkt með einstaklingsnúmeri móður. Af því leiðir að **aðeins er leyfilegt að nota skráðar og einstaklingsmerktar hryssur til kjötframleiðslu.**

Ástæðan fyrir þessum breytingum eru kröfur frá Evrópusambandinu. Úrbætur þessar þurfa að vera komnar í gagnið fyrir miðjan apríl 2010, eigi að vera um frekari útflutning á hrossakjöti til Evrópusambandsins að ræða. Þeir sem enn eiga óskráð hross geta haft samband við Búnaðarsambandið og fengið aðstoð við að grunnskrá hross. Síminn hjá BSSL er 480-1800 en einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið halla@bssl.is.

Halla Eygló Sveinsdóttir



KYNBÓTASÝNINGAR 2010

Á fagráðsfundi hrossaræktar í desember sl. var sýningaráætlun fyrir árið 2010 samþykkt og fer hún hér á eftir:

22.4 - 23.4 Sauðárkrókur 455-7100

10.5 - 14.5 Reykjavík 480-1800

12.5 - 14.5 Eyjafjörður 460-4477

17.5 - 28.5 Hafnarfjörður 480-1800

24.5 - 28.5 Sauðárkrókur 455-7100

31.5 - 11.6 Hella 480-1800

31.5 - 4.6 Blönduós 451-2601

1.6 - 2.6 Hornafjörður 470-8088

3.6 - 4.6 Hérað 471-1161

7.6 - 11.6 Eyjafjörður 460-4477

7.6 - 11.6 Borgarfjörður 437-1215

27.6 - 4.7 Landsmót

3.8 - 6.8 Borgarfjörður 437-1215

11.8 - 13.8 Blönduós 451-2601

9.8 - 20.8 Hella 480-1800

18.8 - 20.8 Skagafjörður/Eyjafjörður 460-4477

Alltaf geta orðið einhverjar breytingar á sýningaráætlun því þátttaka er aldrei ljós fyrir en nokkrum dögum fyrir sýningu. Sýningar sem eru feitletraðar hér að ofan eru í umsjá

Búnaðarsambands Suðurlands þannig þar er hægt að fá allar nánari upplýsingar í síma 480-1800 eða á netfanginu halla@bssl.is. Á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands www.bssl.is verður hægt að skrá hross til sýningar þegar nær dregur og þar verður hollaröðun kynnt nokkrum dögum fyrir hverja sýningu. Venjan er sú að síðasti skráningardagur er viku fyrir sýningu.

Á aðalfundi FEIF í febrúar sl. var samþykkt að hækka vægi á feti í 4% (var 1,5%) og skeiði í 10% (var 9%). Vægi á vilja/geðslagi verður lækkað úr 12,5% í 9%. Þessar breytingar eru búnar að vera í farvatninu í nokkurn tíma en eru nú orðnar staðreynd. Vægi á hægu tölgi og stökki mun einnig fá auknið vægi í heildareinkunn.

RÆKTUN 2010

Sýningin Ræktun 2010 verður laugardagskvöldið 17. apríl nk. í Ölfushöllinni að Ingólfshvoli. Hrossaræktendur og áhugamenn um hrossarækt ættu því að taka það kvöld frá strax. Óðinn Örn Jóhannsson mun að venju sjá um þá sýningu. Þeir sem hafa áhuga á að koma fram með ræktunarbú, afkvæmahópa eða einstaka kynbótahross vinsamlegast hafið samband í síma 866-1230 eða á netfangið odinn@bssl.is.

Stjórn HS